



FÉLAG ELDRÍ BORGARA  
Á AKUREYRI

## Fundargerð 1. stjórnarfundar EBAK 5. apríl 2022 kl. 16.00

**Mætt voru:** Hallgrímur Gíslason, Sigurður Harðarson, Helgi Aðalsteinsson, Friðrik Vagn Guðjónsson, Torfhildur S. Þorgeirsdóttir, Helga Eymundsdóttir og Margrét Haukdal Marvinsdóttir

**Fjarverandi:** Elín Antonsdóttir, Eva B. Magnúsdóttir og Birgir B. Svavarsson

**1. Formaður setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna.**

Um var að ræða fyrsta stjórnarfund starfsársins og bauð hann sérstaklega velkomna nýja stjórnarkonu, Margréti Haukdal Marvinsdóttur.

Elín Antons, sem einnig er ný í stjórn, var fjarverandi.

**2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar, 15.03.2022,** hafði verið send stjórnarfólki til samþykktar og var ekki gerð nein athugasemd við hana, en samþykkt samhljóða.

**3. Þá var tekin fyrir tillaga formanns að verkaskiptingu stjórnar.** Var hún á þann veg að varaformaður skyldi vera Sigurður Harðarson, gjaldkeri Torfhildur Þorgeirsdóttir og ritari Elín Antonsdóttir. Meðstjórnendur þau Helgi Aðalsteinsson, Birgir B Svavarsson og Eva B. Magnúsdóttir. Kjörnir varamenn eru, í þessari röð: 1. Friðrik Vagn Guðjónsson, 2. Helga Eymundsdóttir og 3. Margrét H. Marvinsdóttir.

Var þessi tillaga samþykkt samhljóða.

(Vegna fjarveru Elínar Antonsdóttur ritar Sigurður Harðarson þessa fundargerð.)

**4. Ákveðið var með viðveru í félagsmiðstöðvum EBAK þannig: 6/4 Birta \_Helgi Aðalsteinsson, 6/4 Salka \_Friðrik Vagn Guðjónsson, 13/4 Birta \_\_Hallgrímur Gíslason, 20/4 Birta\_Sigurður Harðarson, 27/4 Birta \_Torfhildur Þorgeirsdóttir, 4/5 Birta \_í skoðun\_, 4/5 Salka \_Friðrik Vagn Guðjónsson.**

**5. Næsti stjórnarfundur** var ákveðinn þriðjudaginn 10. maí n.k. kl. 16:00

**6. Aðalfundur – (Afgreiðsla ályktana – Endurmat fundarins).** Ályktanir fundarins hafa þegar verið sendar til bæjarstjórnar, öldungaráðs og fræðslu- og lýðheilsuráðs. Svar hefur borist frá Guðmundi B. Guðmundssyni, formanni bæjarráðs, þar sem hann staðfestir móttöku og lofar að póstur formanns EBAK, sem og ályktanir fundarins verði teknar til skoðunar.

Stjórnarmenn eru nokkuð sáttir með Aðalfundinn. Reynt var að stytta hann eftir föngum með því að taka skýrslur nefnda inn í skýrslu formanns og ljóst að það bar árangur.

Hins vegar komu inn bæði kynningar á Abler félagakerfinu og 1819 afsláttarappinu, sem vógu talsvert á móti styttingunni. Aðalfundurinn stóð í u.þ.b. 2 klst og 15 mín. en hefði ekki náð 2 klst. ef þessar kynningar hefðu ekki komið til. Annað gekk mjög vel.

**7. Fundir með formönnum og gjaldkerum nefnda.** Áriðandi er að þessum fundum verði hraðað eins og kostur er. Kór aldraðra og skemmtinefnd verði helst fyrst í röðinni, þar sem stærstu málin snúa að þeim en síðan þarf að ræða málin við ferðanefnd og aðrar um tilhögun á greiðslufærslum og þess háttar.

Athugasemdir hafa borist frá endurskoðendum EBAK, þar sem brýnt er fyrir félaginu að allar greiðslufærslur nefnda þurfi að vera ljósar og standast skattalega endurskoðun.

8. **Fundur með bókara.** Fyrirhugaður er fundur formanns og varaformanns með bókara félagsins, þar sem leitað verður eftir hver kostnaðarauki sé í því að hann taki að sér greiðslur reikninga fyrir EBAK og reglulegar afstemmingar bankareikninga.

Líflegar umræður voru undir þessum dagskrárlið og velt upp hvort félagið ætti jafnvel heldur að kaupa aðgang að DK eða Stólpa og færa bókhald sitt sjálft en bókhaldsstofan sæi aðeins um ársreikning og framtal. Taldi gjaldkeri lítið álag fólgið í því að fá til sín reikninga og greiða.

Samþykkt var þó að formaður og varaformaður héldu áfram að skoða kostnað við ofangreint.

9. **Fundur með framboðum í bæjarstjórnarkosningum 2022 á Akureyri.**

Framsókn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa þegar óskað eftir samtali við forsvarsmenn EBAK til að heyra þeirra sýn og áherslur varðandi hagsmuni eldri borgara á Akureyri.

Stjórnarmenn voru sammála um að nauðsynlegt væri að halda þessa fundi á skrifstofu EBAK í Birtu, þannig að frambjóðendur fengju sem besta tilfinningu fyrir því, sem brennur á eldri borgurum á svæðinu.

8 flokkar/listar hafa þegar tilkynnt framboð og mun formaður EBAK hafa samband við forsvarsfólk þeirra til að koma á fundum. Samþykkt var að formaður auk gjaldkera og Úlfhildar Rögnvaldsdóttur, ef hún teldi sér fært sökum sætis á lista Miðflokksins, sætu þessa fundi fyrir hönd EBAK.

10. **Netmiðlanefnd.** Gerð var tillaga um Garðar Lárusson, Sigurð Harðarson og Helga Aðalsteinsson og var hún samþykkt.

Væntanlega mun snjalltækjakennsla fara aftur af stað á haustmánuðum og nú undir merkjum fræðslunefndar. Reynt verður að fá fleiri leiðbeinendur en best hefur reynst að segja til „maður á mann“

11. **Landsfundur LEB.** Búið er að ákveða Landsfund LEB þann 3. maí n.k. í Hraunseli, félagsheimili eldri borgara í Hafnarfirði.

EBAK á rétt á 8 fulltrúum (öllum 7 stjórnarmönnum síðasta árs og fyrsta varamanni).

Skoða þarf betur fyrirhugaða kostnaðarpátttöku LEB fyrir landsbyggðarfulltrúa en frestur til skráningar fulltrúa er til 18.apríl n.k. ATH. bókun gistingar á Hótel Viking (tilboð).

Fundur verður líklega haldinn með fulltrúum EBAK fyrir Landsfund vegna ályktana o.þ.h.

## 12. Önnur mál.

**a)** Erindi frá Kór eldri borgara, þar sem óskað er eftir styrk vegna söngferðar á Egilstaði. Ekki er getið um upphæð. **Erindinu er hafnað**, en reglan hefur verið sú við styrkveitingar að hafna, sé þeirra ekki brýn, fjárhagsleg þörf. EBAK hefur líka þegar eyrnamerkt talsverða fjárhæð afmælishátíðinni þann 2. október n.k. og fjárhagur félagsins leyfir ekki frekari útlát.

**b)** Erindi frá sóknarnefnd Akureyrarkirkju um það hvort einhverjir félagsmenn EBAK gætu hugsað sér að sinna leiðsögn ferðamanna um kirkjuna seinni part dags í sjálfböðavinnu. Fá þarf betri upplýsingar um tímasetningu og hvaða daga sé um að ræða og þá setjum við auglýsingu á Fésbókarsíðu EBAK.

**c)** Formaður ræddi við formann afmælisnefndar EBAK en búið var að fara þess á leit að hann tæki viðtöl við fv. formenn til að koma í ársrit LEB.

Ekkert hafur orðið af því og mun formaður, Hallgrímur því setja eitthvað saman en óskar eftir því við aðra stjórnarmenn að þeir leiti að eldri myndum úr starfi félagsins. Sigurður Harðar skoðar hvað finnst á fésbókarsíðunni, amk.

**d)** Gjaldkeri skýrði frá því að félagakerfið nýja, Abler væri alls ekki tilbúið til skráningar félagsmanna og ekki ljóst hvenær það yrði.

Þetta er mjög bagalegt, þar sem innheimta félagsgjalda átti að fara í gegn um Abler nú í vor og m.a. hangir á greiðslum félagsgjalda að félagsmenn geti nýtt sér nýja afsláttarappið.

Torfhildur skoðar betur með tæknikonu LEB (Steinunni), hvenær kerfið kemst í gagnið en ef í það eru meira en 2-3 vikur þá mun EBAK nota sömu kröfuaðferð nú í ár og undanfarið, þ.e. bankakerfið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið um kl. 18:10

Sigurður Harðarson

Settur ritari.